



Rekstrarhandbók

Valiwallet

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Inngangur	2
2 Þróunarumhverfi	2
2.1 Uppsetning nýrrar vélar	2
2.1.1 Smáforrit	2
2.1.2 Vefþjónusta	3
2.1.3 Vefsíða	3
3 Bakendi	4
4 Vefsíða	4

1 Inngangur

Í þessari handbók er að finna leiðbeiningar hvernig hægt er að setja upp þróunarumhverfi, bakendakerfi og vefsíðu til að reka smáforritið Valiwallet.

2 Þróunarumhverfi

2.1 Uppsetning nýrrar vélar

Hér fyrir neðan verður farið yfir hvernig hægt er að setja upp þróunarvélar bæði til þróunar á smáforriti, vefþjónustu og vefsíðu.

2.1.1 Smáforrit

Til að ná í nýjustu útgáfu af verkefninu af Bitbucket þá þarf að setja upp Git á vélina. Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar á Git:

<https://git-scm.com/book/en/v2/Getting-Started-Installing-Git>

Því næst skal sækja verkefnið með Git:

```
git clone git@bitbucket.org:valiteam/valiwalletapp.git
```

Til þess að keyra upp verkefnið þarf að setja upp Visual Studio 2015 Update 3 með Xamarin.

Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar: <https://msdn.microsoft.com/en-us/library/mt613162.aspx>

Til að smíða (e. build) smáforritið þarf að opna verkefnið í Visual Studio og nota eftirfarandi skipanir á verkefnið: *Clean - Rebuild*

Til að keyra smáforritið þarf annaðhvort að nota hermi (e. emulator) eða tengja við Android tæki með útgáfu 4.4 eða hærra.

Á eftirfarandi slóð eru uppsetningaleiðbeiningar fyrir Android tæki:

https://developer.xamarin.com/guides/android/getting_started/installation/set_up_device_for_development/

Á eftirfarandi slóð eru uppsetningaleiðbeiningar fyrir hermi:

https://developer.xamarin.com/guides/android/deployment_testing_and_metrics/debug-on-emulator/visual-studio-android-emulator/

2.1.2 Vefþjónusta

Til að ná í nýjustu útgáfu af verkefnum af Bitbucket þá þarf að setja upp Git á vélina. Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar á Git:

<https://git-scm.com/book/en/v2/Getting-Started-Installing-Git>

Því næst skal sækja verkefnið með Git:

```
git clone git@bitbucket.org:valiteam/valiwalletapi.git
```

Til þess að keyra upp verkefnið þarf að setja upp Visual Studio 2015 Update 3.

Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar:

<https://www.visualstudio.com/downloads/>

Ásamt .Net Core tools Preview 2 for Visual Studio 2015:

<https://www.microsoft.com/net/download/core>

Setja þarf upp .Net Core 1.0.1 Preview 2:

<https://github.com/dotnet/core/blob/master/release-notes/download-archive.md>

Til þess að gefa út (e. publish) þarf að setja upp nýjustu útgáfu af Node.js.

Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar á Node.js:

<https://nodejs.org/en/download/>.

Því næst þarf að setja upp Gulp með npm pakkakerfinu:

```
npm install --global gulp
```

2.1.3 Vefsíða

Til að ná í nýjustu útgáfu af verkefnum af Bitbucket þá þarf að setja upp Git á vélina. Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar á Git:

<https://git-scm.com/book/en/v2/Getting-Started-Installing-Git>

Því næst skal sækja verkefnið með Git:

```
git clone git@bitbucket.org:valiteam/valiwalletweb.git
```

Til þess að keyra upp verkefnið verður að setja upp nýjustu útgáfu af Node.js:

Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar á Node.js:

<https://nodejs.org/en/download/>.

Því næst þarf að setja upp Angular CLI með npm pakkakerfinu:

```
npm install -g @angular/cli
```

Til þess að keyra upp verkefnið er farið inn í angular verkefnið og þessi skipun keyrð:

```
ng serve
```

3 Bakendi

Hér er farið yfir hvernig setja skal upp vefþjónustuna í skýjalausn Microsoft Azure. Byrja skal á því að fylgja leiðbeiningum hér að ofan um uppsetningu þróunarumhverfis á nýrri vél. Til að setja upp gagnagrunninn þarf að setja upp reikning og skrá sig inn á Azure Portal:

<https://portal.azure.com/>.

Byrja skal á því að setja upp SQL gagnagrunn.

Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar fyrir SQL gagnagrunn í Azure:

<https://docs.microsoft.com/en-us/azure/sql-database/sql-database-get-started-portal>.

Hægt er að tengjast gagnagrunninum í gegnum Microsoft SQL Server Management Studio.

Setja skal upp vefþjón fyrir vefþjónustuna næst. Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar til að setja upp vefþjón sem mun keyra vefþjónustuna:

<https://docs.microsoft.com/en-us/azure/app-service-web/app-service-web-get-started-dotnet>.

Áður en vefþjónustan er gefinn út verður að setja inn tengistrenginn fyrir gagnagrunninn í appsettings.json skrána.

Einnig verður að setja upp Twilio reikning og setja inn aðgangsupplýsingar inn á SendSmsAsync() fallið í UserServiceProvider.cs.

Til þess að gefa út vefþjónustuna verður að opna hana í Visual Studio og hægri smella á valiwalletapi lausnina og smella á Publish. Því næst skal skrá sig inn á Azure reikninginn og velja vefþjóninn sem á að keyra vefþjónustuna eins og sýnt er í leiðbeiningunum hér að ofan.

4 Vefsíða

Hér er farið yfir hvernig setja skal upp vefsíðuna í skýjalausn Microsoft Azure. Byrja skal á því að fylgja leiðbeiningum hér að ofan um uppsetningu þróunarumhverfis á nýrri vél.

Byrja skal á því að setja upp vefþjóninn sem mun keyra vefsíðuna. Á eftirfarandi slóð má sjá uppsetningaleiðbeiningar til að setja upp vefþjónin:

<https://docs.microsoft.com/en-us/azure/app-service-web/app-service-web-get-started-nodejs>

Því næst skal keyra eftirfarandi skipun til að byggja lausnina:

```
ng build -prod
```

Á eftirfarandi slóð er hægt að finna leiðbeiningar um hvernig maður gefur út vefinn í gegnum local git:

<https://docs.microsoft.com/en-us/azure/app-service-web/app-service-deploy-local-git>